15. Tjarnarhólminn.

1 1/2 blað. Reykjavík, 29.ágúst 1934.

# Tjarnarhólminn.

Hann er sennilega minnsta ríki veraldarinnar og sýnu minna en ríki páfans í Róm. Samt sem áður er Tjarnarhólminn ríki út af fyrir sig með lýðstjórnarfyrirkomulagi, sem í framkvæmdinni má segja að sé þó einveldi, þar eð þegnarnir allir fyrir einn og einn fyrir alla hafa stjórn þess og framkvæmdarvald, landvarnir og löggæslu alla í hendi, ~~og~~ á eigin ábyrgð. Þjóðin er fámenn mjög, en fjölgar þó með ári hverju; hún er herská mjög og ver land sitt og ríki með dugnaði miklum og röggsemi, en friðsöm er hún, ef eigi er á hana leitað.

Stórveldi þessu – því þótt þjóðin sé fámenn, má með réttu kalla hið voldugа ríki hennar stórveldi – ræður þjóð ein frá Miðjarðarhafslöndum, er Kría nefnist, en þó eigi lengur í senn en aðeins þrjá mánuði ársins, því þegar Norðurálfubúar flytjast til hinna suðlægari landa á vorin, til þess að njóta ~~þar~~ sumarsólarinnar og blíðunnar þar, ~~flyst~~ tekur þjóðflokkur þessi sig upp og flyst hingað norður að hjara veraldar, til þess að stjórna hér löndum sínum og lýði og skemmta oss Íslendingum með söng sínum og sveimi yfir túnum og engjum, eiga hér börn sín og ala þau upp í allskonar fögrum íþróttum og dygðum, uns þau eru fær til þess að flytjast héðan aftur að áliðanda sumri til hinna fornu átthaga þjóðar sinnar og síðan, að vetrinum liðnum að leita æskustöðva sinna hér og taka þátt í ríkisstjórn þjóðar sinnar og syngja fyrir þá er nágrannalöndin byggja. Þessi „saga“ endurtekur sig eins og allar aðrar sögur og nú eru söguloksin komin að þessu sinni:

Krían er horfin og lönd hennar auð, enda sér það á: Síðasta daginn og lengstan tímann sem hún dvaldi hér, var ríki hennar (Tjarnarhólminn) til að sjá eins og fegursti blómsveigur, prýddur fjölda fegurstu blóma, en strax daginn eftir að hún fór (26. þ.m.) höfðu gestir Jóhannesar á Borg (25 að tölu) sviðið af honum hvert einasta strá og blóm, eins og farið hefði verið „með eldi yfir gjörvalt landið“!

En á meðan hún (Krían) mátti ráða, leið hún ekki einni einustu gæs, þótt frá Borg væri, að stíga fæti sínum á landið og því síður eyðileggja það svo sem nú sér á. Á þessu og mörgu fleiru má sjá stjórnsemi hennar og hversu einráð hún er um alla velfarnan ríkis síns og þegna.

Næsta vetur má gera ráð fyrir, að nágrannaþjóð hennar, Reykvíkingar, sem hún ávallt hefir haft gott vinfengi við og einkum hin síðari ár, sjái svo um að hún geti sest að á næsta vori, í öðru og enn víðlendara ríki, nokkru sunnar og nær sólinni, og mun í ráði, að þeir bindist samtökum í þessu efni, með því að „bjóða verkið út" í þegnskylduvinnu, þannig, að menn greiði tvær krónur hver til þess að kosta byggingu nýs lands (hólma) engu minni en þann sem fyrir er og heyrst hefir að allir þeir, er flutningabíl eiga, muni góðfúslega aka þangað tveim bílhlössum hver af grjóti, þegar Tjörnin verður ísheld.

Vonandi er, að þetta verði meira en ráðagerðin eintóm, enda væri það mikill sómi Reykvíkingum að geta boðið henni syngjandi, sumlengstu þjóð, nýtt land til umráða og þannig aukið fegurð sinnar eigin borgar.

29. ágúst 1934.

[illegible]